

12020014
0.1.3
21.05.2012

ESG
IMP

Iðnaðarráðuneytið
Kristján Skarphéðinsson
Arnarhváli
150 Reykjavík



Fornleifavernd ríkisins

Suðurgata 39, 101 Reykjavík
Sími: 555 6630, Bréfsími: 555 6631
Heimasíða: www.fornleifavernd.is

Reykjavík 18. maí 2012

Tilvísun: Fvr 2012050027 IKHS


Efni: Tillaga til þingsályktunar um lagningu raflína í jörð, þingskjal 567 - 402 mál.

Fornleifavernd ríkisins hefur móttengið bréf iðnaðarráðuneytisins frá 23. mars. s.l. þar sem óskað er eftir athugasemdum og ábendingum sem varða mótun stefnu um raflínur í jörð. Starfsemi Fornleifaverndar ríkisins fellur undir þjóðminjalög (nr. 107/2001). Tilgangur laganna er að stuðla að verndun menningarssögulegra minja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Í 10. gr. þjóðminjalaga segir að fornleifum megi enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins. Fornleifum getur stafað hættu af hvers konar jarðraski og því er mikilvægt að áhrif fyrirhugaðs jarðrasks á fornleifar sé kannað áður en framkvæmdir hefjast og framkvæmdum hagað þannig að tillit sé tekið til fornleifa. Í greinargerð með tillögu til þingsályktunar um lagningu raflína í jörð er réttilega bent á að loftlínur valda minna jarðraski en jarðstrengir, þó að jafnaði fylgi þeim vegslóðar af einhverju tagi. Einnig kemur fram í greinargerðinni að jarðrask vegna stórra jarðstrengja sé umtalsvert varanlegra en sem nemur lágmarksraski af vegslóða sem fylgir loftlínunum. Því má segja að almennt séu meiri líkur á að fornleifar, þar með talið menningarlandslag, raskist við lagningu jarðstrengja en loftlína. Staðsetningu mastra, sem bera uppi loftlínu, verður að ákveða þannig að þau raski ekki fornleifum. Legu vegslóða er oft hægt að hnika til þannig að fornleifum stafi ekki hættu af lagningu þeirra og umferð um þá. Sé vel staðið að undirbúningi framkvæmda við legu jarðstrengja ætti að vera hægt að velja þeim leið sem hefur lítil eða engin áhrif á fornleifar. Í þessu sambandi verður að hafa í huga að fornleifar hafa einungis verið skráðar á litlum hluta landsins. Skipulögð vettvangsskráning fornleifa landsins er forsenda þess að hægt sé að meta áhrif framkvæmda vegna lagningar raflína í jörð á fornleifarnar. Það er mikilvægt að slík skráning fornleifa sé unnin snemma í öllu skipulagsferlinu vegna lagningu raflína í jörð þar sem fornleifaskráningin getur tekið nokkurn tíma. Á undanförunum árum hefur Fornleifavernd ríkisins unnið kostnaðaráætlanir vegna heildarskráningar fornleifa landsins og er það mat stofnunarinnar að hægt sé að ljúka skráningu fornleifa landsins fyrir um 800 milljónir króna. Ef ákveðið verður að leggja raflínur í jörð er nauðsynlegt að stofnuninni sé tryggt fyrrgreint fjármagn, yfir fyrirfram ákveðið tímabil, svo unnt sé að ljúka vettvangsskráningu fornleifa á Íslandi.

Í þingsályktuninni ályktar Alþingi að fela ríkisstjórn Íslands að skipa nefnd er móti stefnu um hvernig leggja megi á næstu árum og áratugum raflínur í jörð sem nú eru ofan jarðar.

Fornleifavernd ríkisins vill í þessu sambandi vekja athygli á því að litlar upplýsingar eru til um fornleifar nærri eldri raflinum á Íslandi. Því þarf að skrá fornleifar við eldri raflinur og meta áhrif þess að leggja þær í jörð á fornleifar. Mikilvægt er að framkvæmdum vegna lagningar eldri raflina í jörð verði hagað þannig að áhrif þeirra á fornleifar verði sem minnst.

Virðingarfyllst



Kristín Huld Sigurðardóttir
Forstöðumaður